



Í Evrópu fækkaði gistinóttum einna mest hér á landi


Efnahagsleg áhrif farsóttarinnar hafa verið mikil á ferðapjónustu alls staðar í heiminum. Lokanir eða takmarkanir á landamærum hafa dregið mjög mikið úr ferðalögum og fækkað gistinóttum. Áhrifin hér á landi hafa verið ívið meiri en víðast hvar annars staðar. Þannig var fækkun gistinóttu erlendra ferðamanna á skráðum gististöðum hér á landi á öðrum og þriðja fjórðungi síðasta árs ein sú mesta sé miðað við önnur Evrópulönd.

Gistinætur ferðamanna hér á landi námu alls tæplega 458 þúsund á öðrum og þriðja ársfjórðungi. Þeim fækkaði um 90,1% frá sama tímabili árið áður. Í hópi 27 Evrópulanda var einungis ein þjóð þar sem gistinóttum fækkaði meira. Það er Norður-Makedónía en þar fækkaði gistinóttum um 94,1%. Í þriðja sæti komu Spánverjar með 87,3% fækkun og frændur okkar Finnar komu þar skammt á eftir í fjórða sæti með 81,1% fækkun. Næsta Norðurlandþjóð þar á eftir var Svíþjóð með 82,3% fækkun. Síðan komu Norðmenn með 80,3% fækkun og Danmörk með 65%. Meðalfækkunin hjá þessum 27 þjóðum var 72,4% á milli þessara tímabila. Í einu af þessum löndum mældist aukning en það var í Austurríki þar sem gistinóttum fjölgaði um 7,3%. Þetta kann að skýrast af rýmri sóttvarnarreglum en annars staðar. Í Króatíu var fækkunin minnst eða 57,2%. Þar á eftir kom Lúxemborg með 58,5% og Holland með 60%. Ástæðan fyrir meiri fækkun gistinóttu hér á landi en að meðaltali í öðrum löndum liggur m.a. í því að hingað verður ekki komið akandi eða með annars konar fararmáta á landi.

Áhrifa farsóttarinnar fór að gæta verulega í marsmánuði


Áhrifa farsóttarinnar á ferðapjónustu í heiminum fór að gæta í marsmánuði en þá fækkaði gistinóttum mikið frá sama mánuði í fyrra. Að meðaltali fækkaði gistinóttum um 64% í þessum 27 löndum utan Íslands frá marsmánuði árið áður, en þeim hafði fjölgað um 8,5% í janúar og 6,5% í febrúar. Gistinóttum fækkaði ögn minna í mars hér á landi eða 51% en þeim fækkaði hins vegar um 7,2% í

Breyting gistinátta á fyrstu þremur fjórðungum 2020



Fækkun miðað við sama tímabil árið áður
Heimild: Macrobond

Breyting í fjölda gistinátta 2020



Breyting á 12 mánaða grundvelli. Meðaltal landanna 27
Heimild: Macrobond, Hagfræðideild Landsbankans



febrúar. Í janúar mældist 7,3% fjölgun. Frá og með aprílmánuði hefur fækkun gistinotta í þessum 27 löndum verið minni en hér á landi. Það kom sumarkúfur bæði hér heima og í þessum löndum og þá hægði á samdrættinum. Þegar sumri tók að halla jókst samdrátturinn á ný. Þessi mælikvarði mælir einungis gistinætur erlendra ferðamanna og tekur ekki með í reikninginn gistinætur innfæddra.

Austurríki sér á báti


Þróunin í Austurríki hefur skorið sig verulega frá þróuninni í öllum hinum löndunum. Þannig mældist veruleg aukning í gistinóttum í öllum mánuðum þriðja ársfjórðungs. Í engu hinna landanna mældist aukning í neinum þessara mánaða. Fjölgun gistinotta í júlí, ágúst og september í Austurríki mældist á bilinu 38-50%. Svo virðist sem að landið hafi verið mun meira opið fyrir komum erlendra ferðamanna á þessu tímabili en önnur lönd en Austurríki er efnahagslega séð umtalsvert háð komum erlendra ferðamanna.

Löndin misjafnlega háð ferðþjónustu

Verulega misjafnt er hversu mikið þessi lönd reiða sig á ferðþjónustu. Sé litið til hlutfalls ferðþjónustu í útflutningi sést að Ísland er þar mjög ofarlega með 25,6%. Þrjú lönd eru þó fyrir ofan okkur en þetta eru Grikkland (26,4%), Króatía (39,3%) og Albanía (48,2%). Lönd sem koma næst á eftir Íslandi er svo Portúgal (22,8%), Spánn (16,3%), Eistland (10,3%) og svo Austurríki (10%).

Efnahagsleg áhrif farsóttarinnar í Austurríki eru mun minni en í öllum löndunum fyrir ofan bæði vegna þess að gistinóttum fjölgaði en einnig vegna lægra hlutfalls ferðþjónustu í útflutningi. Fækkun gistinotta þessara landa lá á bilinu 57,2-90,1%. Mest var fækkunin hjá Íslandi og minnst hjá Króatíu.

Vægi ferðþjónustu og breyting gistinátta



Breyting gistinátta á fyrstu 3 fjórðungum 2020 borið saman við sama tímabil árið áður og hlutfall ferðþjónustu í útflutningi
Heimild: Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.